



## Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.144 **Málsnr 1801006** var haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubækarklaustri, þriðjudaginn 12. febrúar 2019 klukkan 15:00.

Mættir eru Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason, Gústaf B. Pálsson, Jóna Björk Jónsdóttir( varamaður Kristbjargar Hilmarsdóttur sem boðaði forföll), Davíð Andri Agnarsson. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri, Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun og Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem jafnframt ritar fundargerð.

### 1. 1901004 Péttинг byggðar á Kirkjubækarklaustri – Ný byggingasvæði

Margrét Ólafsdóttir Landmótun kynnir hugmyndir um þéttingu byggðar.

*Skipulagsnefnd þakkar Margréti fyrir góða kynningu.*

*Skipulagsnefnd leggur til að haldið verði áfram með skipulagshugmyndir á Preststúni, og við Læknisbústað. Jaframt leggur sipulagsnefnd til að hafist verði handa við skipulagsvinnu austan og vestan Meðallandsvegar í landi Hæðargarðs.*

*Jóna Björk styður fyrst og fremst þær hugmyndir að ráðist verði í frekari skipulagsvinnu á Preststúni og við Læknisbústað.*

### 2. 1801012/1706011 Nærsvæði KBS/Íþróttavöllur

Margrét Ólafsdóttir Landmótun kynnir drög að deiliskipulagi svæðisins.

*Skipulagsnefnd þakkar Margréti kynningu á stöðu málí.*

*Skipulagsnefnd lýst vel á hugmyndir um bilastæði sunnan og norðan íþróttamiðstöðvar eins og Margrét leggur fram. Skipulagsnefnd telur að reitur B komi helst til greina fyrir leikskóla, komi til flutnings á starfseminni. Íþróttavelli verði snúið meira til suð-austurs. Gera þarf ráð fyrir lóð fyrir spennistöð og fráveitumannvirki.*

### 3. 1706011 Breyting á aðalskipulagi – Þéttbýlisuppráttur – KBS/Íþróttasvæði

Breyting á aðalskipulagi – Þéttbýlisuppráttur – Íþróttasvæði – Heimild til auglýsingar

*Skipulagsnefnd leggur til að óskað verði heimildar Skipulagsstofnunar að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.*

### 4. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í Hrífunesi.

Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir stækjun á verslunar- og þjónustusvæði (V2) við Hrífunes, svæðið stækki úr 19 ha í 46 ha og frístundasvæði í Hrífunesi (F3) minnkar úr 258 ha í 233 ha. - Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá 21.desember 2018 – 10.febrúar 2019 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

*Aðalskipulagsbreytingin samþykkt með þeim fyrirvara að greinargerðin taki tillit til framangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*GJÖ* *DAA GBP.*  
*BVG JAK*

**5. 1807004 Breyting á deiliskipulagi í Hrifunesi.**

Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun- og þjónustu þannig að göturnar Stóratorfa og Mástorfa falli inn í reitinn. - Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 21.desember 2018 – 10.febrúar 2019 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

*Skipulagsnefnd bendir á nauðsyn þess að aðgengi slökkviliðs að slökkvivatni sé tryggt. Deiliskipulagið samþykkt að öðru leiti og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**6. Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022**

Verkáætlun / Tímaplan – Margrét Ólafsdóttir Landmótun

*Skipulagsnefnd þakkar Margréti fyrir kynninguna.*

**7. Önnur mál til kynningar**

Gjaldskrá – samræma við sbl. sveitarfélög – skipulags- og byggingafulltrúi

Eyðublöð – samræma við sbl. sveitarfélög – skipulags- og byggingafulltrúi

Umsóknir um byggingalóðir – eftirspurn - skipulags- og byggingafulltrúi

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 17:40

*Bjarni V. Eiðnuson*

*Daniel Áuli Ágneasson*

*Gísli B. Páleson*

*Jón Þórh. Kálfsson*

*Jón Birnir Guðn*

*JBG*